

fá viðurkenningu yðar fyrir, og getið þjer, herra landshöfðingi, að tilhlutan fjárbagsstjórnarinnar fengið vextina frá 11. marz 1876 til 11. septbr. og 11. marz gjalddaga borgaða úr jarðabókarsjóði Íslands, og munið þjer einnig geta fengið greiddar úr sama sjóði framantaldar 402 kr. í peningum; og hefir landfógetanum verið ritað um það hjeðan það sem þarf.

Samkvæmt brjefum kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 21. febr.¹ og 23. ágúst 1866 til biskupsins yfir Íslandi skal öllum vöxtum af sjóðnum varið til að bæta upp þessi 4 prestaköll í Hóla biskupsdæmi, sem áður var: Grímsey, Þönglabakka, Knappstaði og Hvanneyri, þó þannig, að prestarnir í öðrum brauðum, er hingað til hafa fengið styrk af vöxtum sjóðsins, haldi honum eptirleiðis, meðan þeir eru kyrrir í þeim brauðum, en að styrkurinn falli niður, þegar brauðin losna, og skulið þjer því þjónustusamlega beðnir að greiða þóknanlega á hverju ári biskupnum yfir Íslandi vexti sjóðsins, gegn kvittun hans, til útbýtingar meðal tjedra brauða.

— *Brjef landshöfðingja til sjflumansins í Skagafjarðarsýslu um sendingu á ógiltum peningum.* — Í þóknanlegu brjefi frá 22. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, spurt, hvort yður sje leyfilegt að nota þjónustupóstmerki til að koma gömlum peningum (spesíum og ríkisdöllum), sem einstakir menn vilja fá skipt fyrir krónupeninga, eins og að nokkru leyti átti sjer stað um aurnpeninga.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, að eins og jeg verð að álita það skyldu hvers gjaldheimtumans, að stuðla sem mest að því, að hin lögboðna peningabreyting komist sem fyrst á um allt land, þannig sje jeg því ekkert til fyrirstöðu, að nota þjónustumerki undir sendingar þær, er þjer hafið um getið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmansins yfir norður- og austurumdæminu um rannsókn á veikindum á skepnum í Múlasýslum.* — Eptir að þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 24. f. m. höfðuð tjáð yður fúsan á að veita 200 kr. tillag til að launa dýralækni Snorra Jónssyni og nokkra þóknun fyrir ferðakostnað og lækningar hans í norður- og austurumdæminu, ef hann, eins og hann hafði stungið upp á, ferðast nú í haust austur í Múlasýslur og dvelur þar vetrarlangt, yfirvaldinu til aðstoðar við rannsókn á bráðafári og öðrum veikindum á skepnum, er fyrir kynni að koma, hef jeg fallizt á þessa uppástungu, og lagt fyrir dýralæknirinn að bera sig saman við yður um, hvern aðsetursstað hann eigi að kjósa sjer, og hvernig hann eigi að láta yfirvaldinu í tje aðstoð þá, er hjer ræðir um. Ber honum fyrir þetta starf auk launa þeirra, er honum eru lögð úr landssjóði um árin 1876—77 (600 kr. árlega), áminnst tillag úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, og verður hann þar að auki að koma sjer saman við yður, herra amtmaður, um ferðakostnaðarþóknun þá, er hann enn fremur getur átt von á fyrir aðstoð þá, er hann lætur yfirvaldinu í tje.

— *Brjef landshöfðingja til amtmansins yfir suður- og vesturumdæminu um undanþágur undan fjárrekstrarbanni.* — Í þóknanlegu brjefi frá í gær hafið

2) Brjef þetta er prentað í „Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands“ II bls. 306—7, sbr. brjef 18. febr. 1865 í sama bindi bls. 144—5.